

þá skal hann teljast faðir sveinbarns þess, er hún ól 14. júní 1934, greiða meðlag með því og barnsfararkostnað eftir yfirvaldsúrskurði og enn fremur málskostnað allan, þar á meðal 20 krónur til talsmanns kærða, Björns Halldórssonar, lögfræðings. Vinni hún hinsvegar ekki svo felldan eið, skal kærður, Ölver Karlsson, vera sýkn af öllum kröfum hennar í þessu máli, og málskostnaður greiðast af almannafé.

Á þessu máli hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Mánudaginn 21. júní 1937.

Nr. 26/1937. Ólöf Guðmundsdóttir f. h. dánarbús
Sigfúsar Sveinssonar

(Jón Ásbjörnsson)

gegn

Veiðarfæraverzlunin „Verðandi“ s/f
og gagnsök (Eggert Claessen)

og

Veiðarfæraverzlunin „Verðandi“ s/f
gegn

þeim Benedikt Jónssyni, B. Schmidt,
Ásgeir Ásgeirssyni, Pétri Guðmunds-
syni, Jakob Vilhjálmssyni, Helga
Einarssyni og Auðuni Hermanns-
syni (Enginn).

Spurning um, hvort verzlunarfyrirtæki, sem lagt hafði veiðarfæri og skipsnauðsynjar til fiskiskips, hefði sjóveðrétt í skipinu fyrir úttektinni eða kröfu á hendur útgerðarmönnum persónulega. Úrslit málsins látin velta á eiði fyrirsvarsmanns verzlunarfyrirtækisins.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 19. jan. 1937:
 Hinir stefndu meðlimir útgerðarinnar „Atli“ eiga að vera sýknir í máli þessu af kröfum stefnanda, Veiðarfaraverzlunin „Verðandi“.

Stefnandi hefir sjóveðrétt fyrir umstefndri upphæð, kr. 2795.93 ásamt 6% vöxtum frá 1. júní 1934 í skipinu „Atli“ frá Norðfirði, eign dánarbús Sigfúsar Sveinssonar, og má hann gera fjárnám í skipinu og láta selja það á uppboði til lúkningar nefndri upphæð.

Málskostnaður fellur niður.

Dóminum ber að fullnægja innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Hinir stefndu Benedikt Jónsson, B. Schmidt, Ásgeir Ásgeirsson, Pétur Guðmundsson Jakob Vilhjálmsson, Helgi Einarsson og Auðunn Hermannsson hafa hvorki mætt né látið mæta í máli þessu fyrir hæstarétti. Stefndum Helga Einarssyni hefir ekki verið birt hæstaréttarstefnan og ber því að vísa málinu frá hæstarétti að því leyti sem kröfur eru gerðar á hendur honum. Öðrum stefndum hefir verið löglega stefnt. Hefir málið þessvegna verið flutt skriflega samkvæmt 2. tölulið 38. gr. hæstaréttarlaga nr. 112 frá 1935 og er dæmt samkvæmt framlögðum skjölum og skilríkjum.

Aðaláfrýjandi, Ólöf Guðmundsdóttir f. h. dánarbús Sigfúsar Sveinssonar, hefir skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu, dags. 16. marz þ. á., og gert þær dómkröfur: *aðallega*, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og breytt á þá leið, að sjóveðréttur í e/s „Atli“ frá Norðfirði fyrir fjárhæð þeirri, sem greinir í dóminum, verði ekki viðurkenndur, en *til vara*, að því aðeins verði sjóveðréttur í téðu skipi viðurkenndur, að fyrirsvarsmaður gagnáfrýjanda, Stefán Stephensen, synji fyrir það með eiði, að fram-

kvæmdastjóri samlagsútgerðarinnar „Atli“ hafi samið við hann um vöruúttekt þá, sem sjóveðréttar er krafizt fyrir. Svo krefst aðaláfrýjandi og, að gagnáfrýjandi, Veiðarfæraverzlunin „Verðandi“ s/f, verði dæmdur til að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Af hálfu gagnáfrýjanda hefir málinu verið skotið hingað til dómsins með stefnu, dags. 14. apríl þ. á., Hefir hann stefnt bæði aðaláfrýjanda og ofangreindum félögum samlagsútgerðarinnar „Atli“ og gert þær dómkröfur: *aðallega*, að téðir samlagsmenn verði in solidum dæmdir til að greiða honum kr. 2795.93 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. júlí 1934 og til greiðsludags og jafnframt að viðurkenndur verði sjóveðréttur fyrir hinum dæmdu fjárhæðum í skipinu „Atli“, en *til vara*, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur. Loks krefst gagnáfrýjandi þess, að aðaláfrýjandi og hinir stefndu samlagsmenn verði in solidum dæmdir til að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Aðdragandi máls þessa er sá, að með samningi, dags. 17. jan. 1934, tóku þáverandi skipverjar á e/s „Atli“ frá Norðfirði skip þetta á leigu um vetrarvertíðina 1934 hjá eiganda þess, Sigfúsi Sveinssyni, Neskaupstað. Í félagssamningi, sem skipverjar gerðu með sér sama dag, ákváðu þeir að gera nefnt skip „út til fiskveiða íhöndfarandi vertíð fyrir sameiginlegan reikning allra skipverja“ og skuldbundu sig til að hlíta þargreindum reglum um skiptingu arðs þess, er afgangs yrði kostnaði. Þá var og Björn Guðmundsson, Ljósvallagötu 14, Reykjavík, ráðinn til þess að vera framkvæmdastjóri félagsútgerðarinnar, og gáfu samlagsmenn honum fullt umboð til þess að fara með öll við-

skipti félagsins, þar með talið að annast öll vörukaup til útgerðarinnar, sölu á veiði skipsins, undirbúa rekstrarlán o. fl. Samlagsmenn virðast síðan hafa hafið útgerðarstarfsemina. Voru veiðarfæri og ýmsar nauðsynjar til útgerðarinnar teknar út hjá gagnáfrýjanda, og er svo að sjá sem skipstjóri og stýrimaður hafi aðallega veitt vörunum viðtöku. En auk þess tóku ýmsir skipverjar út í reikning félagsútgerðarinnar hjá gagnáfrýjanda persónulegar nauðsynjar, aðallega sjófatnað, og virðist, eftir því sem fyrir liggur í málinu, mega gera ráð fyrir, að úttektir skipverjanna skyldu taldar þeim til gjalda, er innbyrðis viðskipti samlagsmanna síðar yrðu útkljáð. Samkvæmt „útskrift úr höfuðbók útgerðarfélagsins „Atli““ og úttektarnótum, sem lagðar hafa verið fram í málinu, hefur úttekt í reikning félagsútgerðarinnar hjá gagnáfrýjanda á téðri vertið numið alls kr. 7030.55. Upp í þessi viðskipti var þá greitt af hálfu félagsútgerðarinnar kr. 4234.62. Hefir greiðsla þessi nægt til lúkningar þeirrar úttektar, sem rann beint til skipverja og stórum mun betur, og þar sem gagnáfrýjandi mátti að lögum nota innborganirnar til greiðslu síðastnefndrar úttektar fyrst, þá verður að telja, að skuld sú, kr. 2795,93, sem krafizt er greiðslu á í máli þessu, sé til orðin vegna veiðarfærakaupa til e/s „Atli“ og skipsnauðsynja.

Auk þess að höfða mál gegn eiganda e/s „Atli“. hefir gagnáfrýjandi beint málssókn sinni gegn 7 samlagsmönnum, en svo sem ýtarlega er vikið að í hinum áfrýjaða dómi, getur gagnáfrýjandi ekki átt sjóveð í oftnefndu skipi fyrir vöruúttektinni samhliða því, að hann eigi persónulega kröfu á hendur félögum samlagsútgerðarinnar. Samkvæmt þessu

kemur fyrst til álita, hvort umstefnd skuld sé tryggð með sjóveði í e/s „Atli“. Af hálfu gagnáfrýjanda er því haldið fram, að vöruúttektin til skipsins, sem statt var utan heimilis síns, hafi verið framkvæmd af skipstjóra þess eða stýrimanni í umboði skipstjóra. Hafi þessvegna stofnast sjóveð fyrir andvirði varningsins í skipinu samkvæmt 236. gr. 4. tölulið sbr. 53. gr. siglingalaganna nr. 56 frá 1914. Fyrirsvarsmaður gagnáfrýjanda viðurkennir að visu, að hann hafi, eftir að úttektirnar hófust, fengið vitneskju um, að Björn Guðmundsson hefði á hendi reikningshald fyrir útgerðina, en hann neitar því, að Björn hafi annast úttektina, nema þá eitthvert lítilræði. Björn, sem leiddur hefir verið á ný sem vitni eftir uppkvaðningu héraðsdómsins, kveður sig hafa þegar í öndverðu samið f. h. félagsútgerðarinnar við fyrirsvarsmann gagnáfrýjanda, Stefán Stephensen, um veiðarfæraúttektina, bæði um verð og að mestu leyti um magn hennar. Skipstjórinn eða skipverjar hafi annast hinar einstöku úttektir, sem fram hafi farið eftir þörfum skipsins, en þegar teknar hafi verið út vörur hjá gagnáfrýjanda, sem vitnið hafði ekki pantað fyrir fram, þá hafi úttektirnar verið bornar undir vitnið til samþykkis. Af hálfu gagnáfrýjanda er bent á, að Björn sé bróðir frú Ólafar Guðmundsdóttur, aðaláfrýjanda máls þessa, og er vitnisburði hans mótmælt sem vilhöllum. Samkvæmt því, sem rakið hefir verið hér að framan, verður ekki gegn eindreginni neitun gagnáfrýjanda talin fram komin næg sönnun fyrir því, að téður framkvæmdastjóri félagsútgerðarinnar hafi samið við fyrirsvarsmann gagnáfrýjanda um vöruúttektirnar, en hinsvegar þykja atvik málsins veita svo

miklar líkur fyrir því, að slíkur samningur hafi gerður verið, að rétt þykir að láta úrslit málsins að þessu leyti velta á eiði Stefáns Stephensen, þannig að ef hann eftir löglegan undirbúning á varnarþingi eftir 166. gr. laga nr. 85 frá 1936 innan mánaðar frá birtingu dóms þessa synjar fyrir það með eiði, að framkvæmdastjóri félagsútgerðarinnar „Atli“ hafi samið við hann um vöruúttekt þá, er í dómi þessum greinir, þá skal gagnáfrýjandi hafa sjóveðrétt fyrir kr. 2795.93 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. júlí 1934 í e/s „Atli“ frá Norðfirði, og fellur þá málskostnaður í málinu niður, en vinni Stefán Stephensen ekki eiðinn, þá á aðaláfrýjandi að vera sýkn af kröfum gagnáfrýjanda í málinu og málskostnaður í því sambandi að falla niður.

Ef eiðurinn verður ekki unninn, þykir bera að ganga út frá því, að framkvæmdastjóri félagsútgerðarinnar hafi samið við Stefán Stephensen um vöruúttektina. Kemur þá til álita, hvort hinir stefndu samlagsmenn verði dæmdir til greiðslu hennar. Svo sem í hinum áfrýjaða dómi segir, létu hinir stefndu í öndverðu mæta í málinu í héraði, og var lagt þar fram eitt varnarskjal af þeirra hálfu. Virðast þeir þá telja skuldina ranga, en bæði er, að mótmæli þeirra um þetta atriði eru ekki nægilega glögg, enda hafði framkvæmdastjóri þeirra samþykkt reikning yfir viðskiptin við gagnáfrýjanda og samlagsmenn ekki hreyft neinum andmælum gegn honum, svo að séð verði, fyrr en í varnarskjalinu. Þá telja hinir stefndu, að þó að skuldin væri rétt, þá beri þeir ekki solidariska ábyrgð á henni, heldur sé hér um pro rata ábyrgð að ræða samkvæmt þriðja kapítula siglingalaga nr. 56 frá 1914, en í máli þessu sé einungis 7 af 17 samlagsmönnum

stefnt. Á þetta verður ekki fallizt. Nefnd ákvæði siglingalaganna eiga hér ekki við, og verður niðurstaðan þessvegna sú, ef Stefáni Stephensen verður eiðfall, að hinir stefndu samlagsmenn, að fráskildum Helga Einarssyni, eiga in solidum að greiða gagnáfrýjanda kr. 2795.93 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. júlí 1934 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti, sem ákveðst 300 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Kröfum gagnáfrýjanda, Veiðarfæraverzlunin „Verðandi“ s/f, á hendur stefndum Helga Einarssyni visast frá hæstarétti.

Ef fyrirsvarsmaður gagnáfrýjanda, Stefán Stephensen, að undangengnum löglegum undirbúningi á varnarþingi samkvæmt 166. gr. laga nr. 85 frá 1936 innan mánaðar frá birtingu dóms þessa, synjar fyrir það með eiði, að framkvæmdastjóri félagsútgerðarinnar „Atli“, Björn Guðmundsson, hafi samið við hann um vöruúttekt þá, sem gerð var í Veiðarfæraverzlunin „Verðandi“ s/f til skipsins „Atli“ á vetrarvertíðinni 1934, þá skal gagnáfrýjandi hafa sjóveðrétt fyrir kr. 2795,93 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. júlí 1934 og til greiðsludags í skipinu „Atli“ frá Norðfirði, þá eiga hinir stefndu þeir Benedikt Jónsson, B. Schmidt, Ásgeir Ásgeirsson, Pétur Guðmundsson, Jakob Vilhjálmsson og Auðunn Hermannsson að vera sýknir af kröfum gagnáfrýjanda í málinu og þá fellur

málskostnaður niður bæði í héraði og hæstarétti.

Ef Stefán Stephensen vinnur ekki eiðinn, þá á aðaláfrýjandi, Ólöf Guðmundsdóttir f. h. dánarbús Sigfúsar Sveinssonar, að vera sýku af kröfum gagnáfrýjanda í málinu og málskostnaður í því sambandi að falla niður, en þá eiga hinir stefndu þeir Benedikt Jónsson, B. Schmidt, Ásgeir Ásgeirsson, Pétur Guðmundsson, Jakob Vilhjálmsson og Auðunn Hermannsson in solidum að greiða gagnáfrýjanda, Veiðarfaraverzlunin „Verðandi“ s/f, kr. 2795.93 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. júlí 1934 og til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti með kr. 300.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta hefir höfðað með stefnu, dags. 21. jan. 1935, Jón Þorvarðsson f. h. Veiðarfaraverzlunarinnar „Verðandi“ hér í bæ gegn meðlimum sameignarútgerðarinnar „Atli“ til greiðslu skuldar fyrir vöruúttekt, að upphæð kr. 2795.93, auk 6% vaxta frá 25. júlí 1934 til greiðsludags, og málskostnaðar að skaðlausu, er nemur samkv. framlögðum reikningi kr. 255.50. Hinir stefndu meðlimir sameignarútgerðarinnar eru þessir: Benedikt Jónsson, skipstjóri, Bókhöðustíg 6 B, B. Schmidt, Ránargötu 10, Ásgeir Ásgeirsson, Skólavörðustíg 46, Pétur Guðmundsson, Fischer-sundi 2, Jakob Vilhjálmsson, Ljósavallagötu 16, Helgi Einarsson, Bílastöðin Hekla, og Auðunn Hermannsson, Skólavörðustíg 46, og krefst stefnandi þess, að hinir stefndu verði dæmdir einn fyrir alla og allir fyrir einn til greiðslu ofangreindra upphæða.

Ennfremur krefst stefnandi þess, að viðurkenndur verði með dómi réttarins sjóveðréttur í e/s „Atli“ frá Norðfirði fyrir hinum umkröfðu upphæðum og hefir því stefnt skiptaráðandanum á Norðfirði (Neskaupstað) f. h. db. Sigfúsar Sveinssonar, sem er eigandi nefnds skips, til viðurkenningar á sjóveðréttinum.

Lýsir stefnandi tildrögum málsins þannig, að veturinn 1934 hafi skipshöfnin á e/s „Atla“ tekið skipið á leigu, og á þeim tíma hafi skipstjórinn tekið út kol & salt (sic) hjá stefnanda, og hafi úttektin eigi verið greidd að fullu og standi eftir hin umstefnda upphæð og þar sem skipstjórinn hafi tekið út vörurnar til framkvæmdar ferðar skipsins, sem var skrásett á Norðfirði, telur stefnandi, að hann eigi sjóveð í skipinu.

Í upphafi málsmeðferðarinnar hér fyrir réttinum 16. marz 1935 var mætt af hendi hinna stefndu meðlima útgerðarfélagsins og í varnarskjali, framlögðu 30. s. m. af þeirra hendi, hafa þeir það við málstilbúnaðinn að athuga, að þeir telja skuldina ranga og mótmæla solidariskri ábyrgð á henni, en telja, að skuldin, ef einhver sé, eigi að skiptast pro rata og að samútgerðarmennirnir hafi verið 17 að tölu og beri því hver félagi aðeins $\frac{1}{17}$ hluta ábyrgðar, og loks er því haldið fram, að ef sjóveðréttur er viðurkenndur fyrir skuldinni, þá beri að sýkna útgerðarfélagana, og þess krafist að lokum, að þeir verði algerlega sýknaðir af kröfum stefnanda, eða að kröfum hans að því er þá snertir verði vísað frá dómi.

Eftir þetta var að vísu mætt síðar af hálfu þessara stefndu, meðal annars við vitnalciðslu í málinu, en eftir að stefnandi hafði lagt fram framhaldssóknarskjal í málinu, þar sem hann rökstyður nánara kröfur sínar og andmælir fyrrgreindum varnarástæðum, hefir eigi frekari vörnum verið haldið uppi af hálfu þessara stefndu.

Málflytjandi stefnanda færir í framhaldssókn sinni rök fyrir því, að kröfuupphæðin sé rétt, og til stuðnings kröfu sinni um solidariska ábyrgð stefndu, vitnar hann til samnings skipverja um, hvernig skipta eigi því, sem afgangs verði útgerðarkostnaði, og segir þar í upphafi, að þeir hafi tekið skipið á leigu yfir vetrarvertiðina og geri það út til fiskveiða „fyrir sameiginlegan reikning allra skipverja“. Segir umboðsmaður stefnanda, að sýknu-

krafa umboðsmanns stefndu sé röng, því að krafan á hendur þeim sé til, enda þótt sjóveðréttur fylgi henni, en eigi sé hægt að gera aðför hjá þeim, ef sjóveðrétturinn sé viðurkenndur.

Af hálfu hins stefnda dánarbús, eiganda skipsins, hefir því verið mótmælt, að sjóveðréttur í skipinu fylgi hinni umstefndu kröfu. Eru mótmælin studd við það, að vörurnar séu ekki teknar út af skipstjóra eða í umboði hans, og þótt svo kynni að vera, að skipstjóri hafi tekið út eitt-hvað, þá geti það ekki haft í för með sér sjóveðrétt í skipinu, af því að útgerðin hafi haft hér á staðnum umboðsmann. Þessu til sönnunar hefir verið lagt fram í málinu afrit af skjali, þar sem 14 skipverjar, þar á meðal skipstjórinn, ráða mann þenna meðal annars til þess að hafa á hendi vörukaup til útgerðarinnar, sem þeir kalla samvinnuútgerð, og fela honum öll störf, sem framkvæmdastjóri útgerðar fer venjulega með, enda er hann nefndur því nafni í skjalinu. Maður þessi hefir mætt sem vitni í málinu og borið það, að hann hafi annazt reikningshald útgerðarinnar þessa vertið, og segir ennfremur, að það hafi ýmist verið skipstjóri, stýrimaður eða hann, sem tók út vörur til skipsins.

Það virðist svo sem þessi framkvæmdastjóri einn, auk skipshafnarinnar í heild, hafi haft heimild til með samningi að skuldbinda útgerðarfélagið. Er þessa getið hér í tilefni af málflutningnum af hálfu stefnanda hér fyrir réttinum. Þar er því haldið fram, að öll úttektin hafi verið gerð eftir beiðni skipstjórans eins eða skipverja í hans umboði og að fyrrnefndur umboðsmaður hafi ekki staðið fyrir henni, en aðeins haft reikningshald og útborganir og það hafi stefnandi vitað og því sé á sumar nóturnar fyrir úttektunum skrifað nafn hans.

Það verður nú ekki séð, að það geti farið saman, að skipstjórinn með samningum sínum við stefnanda hafi gagnvart honum bæði skuldbundið sjálfan sig og útgerðarfélagana persónulega og samkvæmt stöðuumboði sínu sem skipstjóri skuldbundið skip sitt með sjóveði fyrir úttektinni. Rétturinn getur því ekki fallið á, að stefnandi hafi bæði sjóveðrétt í skipinu og persónulega ábyrgð útgerðarfélaganna fyrir úttektinni, enda þótt hún sé að visu gerð í þarfir útgerðarfélagsins og skipseigandi kunni

að eiga bótakröfu á hendur útgerðarfélaginu, ef talið verður, að stefnandi eigi sjóveðrétt í skipinu fyrir hinni umstefndu skuld, en upphæð hennar þykir mega telja nægilega sannaða.

Er þá að athuga, hvort stefnandi á heldur persónulega kröfu á skipverja eða sjóveðrétt í skipinu fyrir upphæðinni. Úrlausnin virðist komin undir því, hvernig ætla má, eftir því, sem fyrir liggur í málinu, að viðhorfið hafi verið gagnvart stefnanda, er úttektin fór fram.

Það er ekki upplýst í málinu, hvort stefnandi hafi haft nokkra vitneskju um, hvernig útgerðinni var hagað eða honum skýrt frá ráðningu framkvæmdastjórans. Ef stefnandi hefði vitað um hana og látið úttektina í té með þeirri hugsun, að skipverjar væru sjálfir persónulega ábyrgir fyrir úttektinni, verður að ætla, að hann hefði samið við framkvæmdastjórann um úttektina. En nú hefir stefnandi harðlega neitað því að hafa samið við framkvæmdastjórann, og þeirri staðhæfingu, að það hafi verið skipstjórinn, sem samdi um úttektina, hefir ekki verið hnekt. Allar úttektarnóturnar eru stílaðar á e/s „Atli“, skipstjóri kvittar fyrir sumu af úttektinni, aðrir skipverjar fyrir öðru, og þótt nafn téðs umboðsmanns sé skrifað á sumar nóturnar, þykir það ekki gegn neitun stefnanda og öðru því, er fyrir liggur, nægilegt til að sanna, að hann hafi samið um kaupin fyrir hönd útgerðarfélagsins. Virðist það líklegra, eins og stefnandi heldur fram, að litið hafi verið á mann þenna af seljanda varanna sem starfsmann útgerðarinnar í landi og reikningshaldara skipsins.

Stefnandi vissi, að skipið var utanhéraðsskip, sem rak veiðiskap um tíma héðan og þurfti því slíkan mann. Útgerð þess var háttað að vitund stefnanda alveg á sama hátt og útgerð sunnlensku skipanna, sem reka síldveiðar á sumrum fyrir Norðurlandi og fá úttekt hjá verzlunum þar til rekstrar útgerðinni með sjóveði í skipinu og það eigi talið hafa nein áhrif um stofnun sjóveðréttar fyrir úttekt skipstjórans, þótt einhver starfsmaður sé í landi og sjái um reikningshald.

Þessi úttekt skipstjórans hefir jafnan verið talin njóta sjóveðréttar, enda þótt hún sé ekki aðeins nauðsynjar vegna skipsins sjálfs, heldur vegna veiðiskaparins, þar á

meðal salt, is og beita, sem allt verður að meta að jöfnu, og loks úttekt til persónulegra þarfa skipverjanna.

Samkvæmt því, sem nú hefir verið sagt, verður ekki litið svo á, að skipstjórinn hafi sem útgerðarmaður samið um úttektina við stefnanda og að stefnandi hafi heldur ekki samið við hann fyrir hönd útgerðarfélagsins, heldur við hann sem skipstjóra og þar með öðlzt sjóveðrétt fyrir úttektinni.

Það skal tekið fram, að leigusamningur um skipið milli útgerðar og skipseiganda hefir ekki verið lagður fram, svo að sjóréttinum er alveg ókunnugt um réttarsambandið milli þeirra innbyrðis.

Verða því úrslit þessa máls þau hér fyrir réttinum, að sýkna beri hina stefndu meðlimi útgerðarinnar af kröfum stefnanda, en hann á aftur á móti sjóveðrétt í e/s „Atli“ frá Norðfirði, eign hins stefnda dánarbús, fyrir hinni umkröfðu upphæð, kr. 2795,39 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. júlí 1934 til greiðsludags, og heimilast stefnanda réttur til að gera fjárnám í skipinu og selja það á uppboði til lúkn-ingar kröfunni.

Málkostnaður falli niður.

Mánudaginn 21. júní 1937.

Nr. 31/1937. **Carl Tulinius og Stefán Stefánsson**
f. h. Sildarstöðvarinnar í Hrísey
gegn

Skilanefnd Sildareinkasölu Íslands.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Carl Tulinius og Stefán Stefánsson f. h. Sildarstöðvarinnar í Hrísey, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.
